

**Nefndir, stjórnir og ráð sem háskólaráð hefur aðkomu að á vormisseri 2017
(til viðbótar geta borist tilfallandi beiðnir um tilnefningar).**

Ráðgefandi nefnd Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2017-2020

Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 480/2010 skipar háskólaráð stofnuninni fimm manna ráðgefandi nefnd til þriggja ára í senn án tilnefningar og ákveður hver gegnir formannsstörfum. Formaður nefndarinnar skal vera akademískur starfsmaður Háskóla Íslands í fullu starfi og þess skal gætt að nefndin sé skipuð fólki sem hefur þekkingu á málefnum er lúta að hlutverki Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Skipunartími núverandi nefndar rennur út 16. janúar nk.

Stjórn Eggertssjóðs 2017-2020

Samkvæmt 4. gr. skipulagsskrár fyrir Eggertssjóð skal stjórn sjóðsins skipuð þremur mönnum. Skal rektor tilnefna einn þeirra, en háskólaráð skal kjósa tvo án tilnefningar. Sömu aðilar skulu tilnefna varamenn í sjóðsstjórnina. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár og skulu stjórnarmenn skipta með sér verkum. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur sjóða Háskóla Íslands, kjörnir af háskólaráði. Skipunartími núverandi stjórnar rennur út 6. febrúar nk.

Stjórn Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr 2017-2020

Samkvæmt 8. gr. skipulagsskrár fyrir sjóðinn skjal stjórnin skipuð þremur mönnum, sem háskólaráð Háskóla Íslands kys til þriggja ára í senn. Sjóðsstjórn kys formann úr sínum hópi.

Fulltrúar HÍ í stjórn Keilis ehf. 2017

Keilir er hlutfélag sem HÍ á hlut í ásamt nokkrum fyrirtækjum á Suðurnesjum. Tilgangur Keilis er að stuðla að rannsóknastarfsemi og kennslu, nýta aðstöðu á Keflavíkurlflugvelli o.fl. Keilir rekur frumgreinadeild (Háskólabrú) sem er skóli á framhaldsskólastigi sem háskólinn ber faglega ábyrgð á og er einnig vettvangur BS náms í tæknigreinum á vegum Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar HÍ. Sjö manns skipa stjórn sem kjörin er á aðalfundi ár hvert. Háskólinn hefur átt tvo fulltrúa í stjórn.

Stjórn RH-nets

Rannsókn- og háskólanet Íslands hf. (RHnet) er hlutfélag í eigu HÍ og annarra háskóla og rannsóknastofnana sem annast rekstur á hraðvirku neti á milli háskóla og rannsóknastofnana á Íslandi og annast internettengingu til stærstu háskólaneta í Evrópu og Ameríku í gegnum NORDUnet sem HÍ er aðili að. Fimm manns skipa stjórn sem kjörin er á aðalfundi ár hvert. Háskólinn á meirihluta í félaginu og hefur haft þrjá fulltrúa í stjórn.

Stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms

Samkvæmt 66. gr. reglna HÍ nr. 569/2009 skipar háskólaráð fimm menn í stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms sem skipuð skal fulltrúum fræðasviða háskólans og vera forstöðumanni til ráðuneytis. Forstöðumaður miðstöðvarinnar er formaður stjórnar. Skipunartími núverandi stjórnar rennur út 30. júní nk.

Vísindasiðanefnd

Háskólaráð skipar vísindasiðanefnd skv. gr. 5.1 verklagsreglna nefndarinnar. Nefndin er skipuð einum fulltrúa og varamanni frá hverju fræðasviði skólans eftir tilnefningu frá forsetum fræðasviðanna. Auk þess tilnefnir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands einn fulltrúa auk varamanns. Formaður nefndarinnar og varamaður hans eru skipaðir af rektor án tilnefningar. Skipunartími er til þriggja ára og rennur núverandi skipunartími út 30. júní nk.

Starfsnefndir háskólaráðs:

Skipaðar skv. erindisbréfum sem háskólaráð setur sbr. 7. gr. reglna nr. 569/2009.

Skipunartími eftirtaldrar starfsnefnda er þrjú ár eða til 30. júní 2017:

Kennslusvið
janúar 2017/ÞK,KE

Vísindanefnd

Skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða HÍ. Formaður skipaður af rektor. Stúdentar tilnefna einn fulltrúa (doktorsnema).

Gæðanefnd [var skipuð frá 1. febrúar 2015 – 31. janúar 2018]

Skipuð sjö fulltrúum. Einum frá hverju fræðasviði og formanni tilnefndum af rektor. Stúdentar tilnefna einn fulltrúa (framhaldsnema).

Kennslumálanefnd

Skipuð formönnum kennslumálanefnda fræðasviða HÍ. Formaður skipaður af rektor. Stúdentar tilnefna einn fulltrúa.

Jafnréttisnefnd

Skipuð formönnum jafnréttisnefnda fræðasviða HÍ. Formaður skipaður af rektor. Stúdentar tilnefna einn fulltrúa.

Fjármálanefnd

Skipuð forsetum fræðasviða og rektor (áður framkvæmdastjóra fjármála og reksturs) sem er formaður.

Samráðsnefnd um kjaramál

Skipuð þremur fulltrúum. Tveir þeirra sitja starfs síns vegna í nefndinni. Formaður er valinn úr röðum fastráðinna kennara.